

«Nær enginn í kirkjunni minni á sína eigin Biblíu»

Texti: Hans J. Sagrusten

Mynd: Dag Kjær Smemo

Þýðandi: Þorgils Hlynur Þorbergsson



Faðir Aþenagoras (45 ára) er smávaxinn maður með brennandi, brún augu. Hann hlær þegar ég spyr um fullt starfsheiti hans.

„Það er ekki svo voðalegt, þú getur kallað mig föður Aþenagoras,“ segir hann.

„En starfsheiti mitt er erkimandrit faðir Aþenagoras,“ segir hann og hlær á ný, svo að brúnt andlit hans verður alsett þúsundum broshrukna.

Svarti kyrtilinn og höfuðfatið hans sýna að hann er prestur í rétttrúnaðarkirkjunni. Hann er fæddur í Kólumbíu, en fjölskyldan hans er grísk, og hann hefur því alist upp í grísku rétttrúnaðarkirkjunni. Hann hefur helgað líf sitt þjónustunni við Guð sem prestur og munkur innan grísku rétttrúnaðarkirkjunnar.

Um sex ára skeið bjó hann í klaustri í Grikklandi, í hinu heimsþekkta Aþosfjallsklaustri. „Í klaustrinu gat guðsþjónustan staðið yfir í allt að níu klukkustundir,“ segir hann og hlær þegar hann sér viðbrögðin. Fyrir fimm árum kom hann til Kúbu og hóf störf sem prestur í grísku rétttrúnaðarkirkjunni.

Litla, gríska kirkjan var stofnuð eftir að nokkrir kristnir innan rétttrúnaðarkirkjunnar skrifuðu patriarkanum í Konstantínópel fyrir um það bil 20 árum og báðu hann um að leggja grunn að kirkju á Kúbu. Árið 2004 var grísku rétttrúnaðarkirkjunni komið á fót. Í dag telur kirkja föður Aþenagorasar sex hundruð meðlimi í Havana og samtals 1200 manns á allri eyjunni.

„Það er svo margt ungt fólk í kirkjunni okkar,“ segir faðir Aþenagoras og augu hans ljóma.

„Unga fólkíð kemur til guðsþjónustu klukkan níu að morgni á sunnudögum og jafnvel þótt guðsþjónustan standi yfir í þrjár klukkustundir, fer samt enginn, það er unga fólkíð sem er forsöngvarar kirkjunnar.“

„Þú finnur á þér, að kúbverska þjóðin er í meginatriðum alvarlega, andlega hugsandi. Hún þráir ósvikna trú á Guð.“

Margir í kirkjunni hans eru í biblíuleshópum, en erfitt er að safna fólk saman, þegar það býr vítt og breitt um alla stórborgina Havana. Af þeim sökum ætti faðir Aþenagoras að

æskja eftir því, að fleira fólk í kirkjunni hans eignist sína eigin Biblíu heima, sem það gæti lesið í upp á eigin spýtur.

„Allir í kirkjunni okkar óska eftir Biblíum, En nær enginn á sína eigin Biblíu,“ segir hann.

Hann greinir frá því að ekki sé sterk hefð fyrir því að Biblían sé lesin í kirkjunni hans. En í hinu heilaga atferli eru biblúttextarnir miðlægir. Þar er lesið úr guðspjallinu á tveimur tungumálum, bæði grísku og spænsku.

Faðir Aþenagoras segir frá því, að draumur sinn sé sá að öll hin ólíku kirkjusamfélög á Kúbu geti sameinast um sömu biblíuútgáfuna. Slíkt myndi gera eininguna á meðal kristins fólks sýnilega.

„Í Kristi tölum við öll sama tungumálið. Þá ættum við líka að lesa sömu Biblíuna,“ segir hann.

Áður en hann fer út úr skrifstofunni til fundar við Biblíufélagið, horfir hann á okkur með ákafa í augum sínum og greinir frá því hversu mikilvægt það sé að fá biblíuútgáfur fyrir marga, mismunandi hópa; börn, unglunga og þau sem dúsa í fangelsum. Að lokum nefnir faðir Aþenagoras hóp sem hugur hans dvelur sérstaklega hjá: Eldri konurnar. Þær sem oftast spyrja hann, hvort þær geti fengið sínar eigin Biblíur, eru ömmurnar í kirkjunni hans:

„Ömmurnar koma til mín og spyrja eftir Biblíum með stóru lettri. Þær hafa ef til vill átt Biblíur sem þær hafa lesið í, en nú vantar þær nýjar Biblíur með stóru lettri,“ segir faðir Aþenagoras.